

108
14. júní

AUGLÝSING

um breytingu á samþykktum fyrir Sparisjóð Ólafsvíkur, nr 51 5. marz 1945.

1. gr.

5. gr. samþykktanna orðist svo:

Ábyrgðarmenn sparisjóðsins mega ekki vera færri en 12 og skulu þeir búsettir ekki færri en 8 í Ólafsvík, 2 í Fróðárhreppi og 2 í Breiðuvíkurbreppi. Ef fleiri eru en 12 skulu þeir, sem umfram eru, helzt búsettir í sömu hreppum.

Ábyrgðarmenn og stjórnendur sparisjóðsins mega ekki vera samtímis stjórnendur eða ábyrgðarmenn annarra sparisjóða né innlánsdeilda.

2. gr.

Framangreindar breytingar á samþykktum fyrir Sparisjóð Ólafsvíkur, sem samþykktar voru á aðalfundi sjóðsins 2. júní s. l., staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. júní 1951.

Björn Ólafsson.

Yngvi Ólafsson.

109
20. júní

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Bolungarvíkur.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Bolungarvíkur er fyrirtæki, sem Hólshreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign sveitarsjóðs Hólshrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Bolungarvíkur, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Bolungarvíkur aflar raforku til almenningsþarfa í Bolungarvík með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Hólshrepps innan Norður-Ísafjarðarsýslu, að frátalinni Skálavík.

Rafveita Bolungarvíkur hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Bolungarvíkur er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdarstjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd